



Faghópur I

Fundargerð 16. fundar

Orkustofnun, 15. október 2009, kl. 10:00-13:00.

Mætt: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Freysteinn Sigmundsson, Hilmar J. Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson, Sólborg Una Pálsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Forföll:

Fundarfrásögn

1. **Fundargerðir.** Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Þóra gerði auk þess nokkrar athugasemdir við fundargerð frá 10. sept. sem bætt verður inn.
2. **Kynning á mati á jarðminjum háhitavæða.** Freysteinn og Magnús kynntu fyrstu drög að mati jarðminja á háhitavæðum. Viðföng eru þau sömu og gagnvart vatnsaflskostum: Berggrunnur, Jarðgrunnur, Vatnagrunnur (vatn neðanjarðar, hverir, gufuaugu o.fl.) og Fallvötn-stöðuvötn (t.d. laugar s.s. Landmannalaugar). Í kynningu þeirra kom m.a. fram:
 - a. Í mati á háhitavæðum er nauðsynlegt að byggja á samanburði milli svæða en rökstuðningur fyrir mati hvers svæðis komi fram á síðari stigum. Einkunnin 8 (á skalanum 1, 4, 8, 13 og 20) er talin „í meðallagi“ og síðan er verðmætið metið „ofan“ eða „neðan“ meðallags.
 - b. Lagt var fram bráðabirgðamat fyrir viðföngin fimm en mest vinna hafði verið lögð í viðmiðið „berggrunnur“. Undir þetta viðmið falla m.a. misgengi og sprungusvæði á flekaskilum („tectonic“).
 - c. Mest umræða var um viðfangið „jarðgrunnur“.
 - i. Mælt var með þeirri breytingu frá mati í 1. áfanga að undirviðfangið „auðgi-fjölbreytni-fágæti“ yrði skipt upp í „auðgi og fjölbreytni“ annars vegar og „fágæti“ hins vegar. Vogtala viðfangsins hafði verið 0.5 í 1. áfanga en skiptist nú í fyrstu tilraun jafnt milli undirviðfanganna tveggja, 0.25 fyrir hvort.
 - ii. Í mati á „upprunaleika“ fær lítið raskað svæði háa einkunn en raskað svæði lægri einkunn.
 - d. Rætt um skilgreiningu á viðfanginu „fallvötn-stöðuvötn“ sem við fyrstu sýn virtist ekki eiga við háhitavæði. Niðurstaðan varð hins vegar sú að viðfangið ætti rétt á sér enda þótt öll háhitavæði fengju lága verðmæta-einkunn í þessu tilliti með þeirri undantekningu að Torfajökulssvæðið fékk einkunnina 8 í þessu fyrsta mati.
 - e. Torfajökull fær langhæstu einkunn í öllum flokkum.

3. **Afmörkun háhitasvæða.** Magnús gerði grein fyrir tillögum um breytingar á afmörkun háhitasvæða eftir fund með Sveinbirni Björnssyni. (Sjá minnisblað sem fylgir fundargerð á vinnusvæði hópsins.) Mest umræða varð um afmörkun Mývatnssvæðis og var ákveðið að bæta Ytri-flóa við verðmætasvæðið með hliðsjón af vatnafræðilegum ástæðum, en rannsóknir sýna að vatn frá áhrifasvæði virkjunar streymir líklega til Mývatns. Magnús mun afla upplýsinga um grunnsvatnsstreymi austan Ytri-flóa og í kjölfarið verður metið hvort Hverfell og nágrenni eigi heima innan svæðisins. Endanleg svæðamörk munu taka mið af jarðhita,berggrunni og vatnafari. Þá var ákveðið að Mývatnssvæði skyldi skipt í tvö aðskilin svæði, Bjarnarflag/Námafjall og Kröflusvæði.
4. **Afmörkun vatnsafflskosta.** Þóra gerði grein fyrir fundi með Hákonu Aðalsteinssyni þar sem fram kom álit hans á afmörkun verðmætasvæða gagnvart vatnsafli. Hákon tók undir tillögur faghópsins og taldi litla ástæðu til að leggja mikla vinnu í mat á virkjunarkostum í Hvíta í Árnassýslu neðan Gullfoss.
5. **Fuglalíf á háhitasvæðum.** Kristinn Haukur kynnti drög að mati á verndargildi fuglalífs á háhitasvæðum. (Sjá glærur Kristins með fundargerð á vinnusvæði hópsins.).
6. **Viðmið fyrir lífverur.** Hilmar efaðist um að viðmiðið „upprunaleiki, stærð, samfella, heild“ hentaði fyrir lífverur, a.m.k. ekki fyrir fiska. Meðal annars vegna þess að stærð er eigindi sem tekið er tillit til í viðmiðinu „auðgi/fjölbreytileiki“ fyrir „Lífverur/Tegundir“. Því væri um tvítekingu að ræða. Hins vegar ætti viðmiðið „upprunaleiki, stærð, samfella, heild“ vel við viðfangið „Vistgerðir og jarðvegur“, sem tekur til lífvera/tegunda. Samþykkt var að hugsa betur út í viðfangið „upprunaleiki, stærð, samfella, heild“ gagnvart viðfanginu „Lífverum/Tegundum“.
7. **Ritari hópsins.** Náttúrufræðistofnun hefur samþykkt að Rannveig Thoroddsen komi til liðs við hópinn sem ritari í matsvinnu.
8. **Gögn frá Náttúrufræðistofnun.** Þóra upplýsti að afhending gagna frá Náttúrufræðistofnun væri í uppnámi. Ekki hefði verið staðið við afhendingardaginn 10. okt. og óvíst væri um framhald málsins. Fram hefði komið sú afstaða að efnið yrði ekki afhent fyrr en lokaútgáfa lægi fyrir en faghópurinn telur sig geta haft góð not af efninu eins og það liggur nú fyrir. Rætt var um mögulega lausn á málinu.
9. **Gögn frá Veiðimálstofnun.** Skýrslur Jóns Sigurðar Ólafssonar, líffræðings, um vatnasvæði Glámuhálendis og Hvalár og um háhitasvæði sem áttu að vera tilbúnar á fyrri hluta ársins (Vestfirðir) og snemma í haust (háhitasvæði) virðast ætla að dragast fram eftir vetri og munu ólíklega nýtast hópnum í matsvinnu.
10. **Vinnufundur í janúar.** Rætt var um að stefna að 2ja-3ja daga vinnufundi faghópsins úti á landi í fyrri hluta janúar.
11. **Næsti fundur** verður haldinn 22. okt. kl. 10:00.

12. **Fundi var slitið** kl. 13:00.